

SÚLUR

NORÐLENSKT TÍMARIT

VII. árg.

FYRRA HEFTI 1977

Ritstjórar og ábyrgðarmenn:

VALDIMAR GUNNARSSON

og

JÓHANNES ÓLI SÆMUNDSSON

Eigandi og útgefandi:
SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA

JÓHANNA KATRÍN SIGURSTURLUDÓTTIR:

Gautlandaheimilið

Lýsing á Gautlandaheimilinu á árunum 1872 til 1878.

Þessu fyrirmyndarheimili var stjórnað af merkishjónunum SÓLVEIGU JÓNSDÓTTUR, prests í Reykjahlíð og JÓNI SIGURÐSSYNI alþingismanni. Vil ég með nokkrum orðum lýsa heimilisháttum á þessu ágætis heimili.

Þegar ég kom að Gautlöndum voru um 20 manns í heimili, 4 vinnumenn og 4 vinnukonur. Ráðsmann hafði Jón, því hann þurfti mörgu að sinna. Hann var oddviti, og öll málefni sýslunnar þurfti hann að annast fyrir utan þingmennskuna. Kom það fyrir að hann var settur sýslumaður. Sami ráðsmaður var öll árin, sem ég átti þar heima Sigurður Ásmundsson hét hann, náfrændi Jóns og uppallinn þar. Sigurður var hinn mesti búhöldur og að allra dómi ágætismaður. Síðar keypti hann jörðina Hofstaði í Mývatnssveit og bjó þar góðu búi til dauðadags. Kona Sigurðar Ásmundssonar var Sigurbjörg Guðmundsdóttir, systir Jóns fyrrum verslunarstjóra á Siglufirði.

Jón Stefánsson — Þorgils gjallandi, mun hafa séð um hestana. Ekki eyddi hann tíma til einskis. Hann sat við lítið borð, borðaði þar og hafði bókina fyrir framan sig. Undir borðinu var læst skúffa, þar voru ritföngin geymd. Hann skrifaði allar stundir, sem hann hafði afgang frá vinnunni. Jón var sérlega þrúður ungur maður, talfár, deildi ekki á neinn, viðmótsþýður og drenglyndur við alla þá, sem hann umgekkst. Börnunum var hann mjög góður og oft leiðrétti hann fyrir mig vísur, sem ég var að syngja, því oft var

meira hugsað um að ná lagið en hafa rétta vísuna. Ég hitti Jón síðast þegar maðurinn minn Jón Þorkelsson var jarðaður. Þeir þekktust vel og voru saman í kindaleitinni 1880. Jón talaði yfir gröfinni mjög fróðlega og snjalla ræðu. Nokkru síðar gengu þau í hjónaband Jón Stefánsson og Jakobína Pétursdóttir frá Reykjahlíð. Þau bjuggu á Litluströnd allan sinn búskap.

Einn vinnumannanna, Sigurður Erlendsson, var systursonur Jóns Sigurðssonar, uppalinn hjá afa sínum og var á Gautlöndum meiri hluta ævinnar. Kona hans var Guðrún Guðlaugsdóttir frá Álftagerði. Þeirra börn voru Erlendur, faðir Konráðs kennara á Laugum og Anna, móðir Rósu, móður Áslaugar konu Sigurðar Thorlacius. Sigurður Erlendsson hirti ærnar.

Fjórði vinnumaðurinn hét Sigurður Kráksson, vaskur maður og harðgerður. Það var hann, sem Jón Þorkelsson frá Víðikeri valdi með sér þegar hann skoðaði eldinn í Öskju 1875. Þeir gengu svo nærri eldinum að skórnir þeirra sviðnuðu að neðan. Þeir urðu ekki smeykir þó að þeir sæju glóandi eldinn framundan. Þar á eftir fluttist Sigurður til Ameríku og vegnaði þar vel.

Guðrún Grímsdóttir hét ein vinnukonan, ágæt stúlka og vel að sér, fluttist til Vopnafjarðar. Önnur vinnukonan var Hólmfríður Stefánsdóttir, mikilhæf, síðar húsfreyja á Sveinsströnd, gift Jóhannesi Friðrikssyni. Þeirra börn: Árni bóndi á Stokkseyri, Sigríður húsfreyja í Ási í Kelduhverfi og Karólína á Þórshöfn.

Tvær bróðurdætur frú Sólveigar voru á heimilinu, Sólveig eignaðist dóttur með Sigurði frænda sínum, hún varð kona Eiríks verslunarmanns á Eskifirði. Krístrún fluttist til Ameríku með mági sínum, síra Magnúsi Skaftasyni, er var prestur í Selkirk.

Stuttu eftir að faðir minn lést fluttist móðir mín sem vinnukona að Gautlöndum. Þá var ég 10 ára að aldri. Móðir

mín var Anna Þórarinsdóttir frá Veigastöðum á Svalbarðs-strönd. Hennar móðir Katrín Ásmundsdóttir, Pálssonar frá Kjarna í Eyjafirði. Hennar móðir Margrét, systir Stefáns bónda í Tungu á Svalbarðsströnd, föðurföður Vilhjálms Stefánssonar, sem frægur er fyrir landkönnunarferðir sínar. Margrét, systir móður minnar var móðir Þórarins föður Vilhjálms Þór og þeirra systkina. Faðir minn var Sigur-sturla Erlendsson, bóndi á Rauðá, hans móðir Anna Sigurð-ardóttir frá Gautlöndum. Þeirra dætur: Jóhanna Katrín (höfundur þáttarins), gift Jóni Þorkelssyni bónda í Víðikeri í Bárðardal, og Sigríður Ingibjörg, búsett í Reykjavík.

Vorið er komið

Tóvinnuáhöldin eru lögð á sinn víska stað og geymd til næsta vetrar. Vinnufólkið kallað út til tónvinnu, sem venju-lega gekk fljótt og vel. Túnið var ekki þýft og þess vegna var það slóðadregið. Slóðinn búinn til úr skógviðarhríslum, beygðum saman, þakið með torfi, þungir steinar lagðir ofan á og hesti beitt fyrir. Með þessu móti var áburðurinn mul-inn. Þá var oft glatt á hjalla. Menn voru lausir úr viðjum vetrarins og vorið með sín hresandi og vekjandi áhrif gaf mönnum nýjan hug, sem örvaði til starfs og dáða. Hestur-inn var hvíldur í fáar mínútur öðru hverju, því hann mædd-ist ef lengi var haldið áfram. Á meðan var tekið lagið og sungið um ættjörðina, blessaða sveitina og gjörvalla guðs-náttúruna. Ljóðskáldin hafa gefið okkur svo mörg indæl kvæði að margt er hægt að læra af þeim. Sorglegt til að vita, ef þessi dýrmætu ljóð verða að víkja fyrir öðru fánýtu. Blessuð sveitin var oft svo nærgætin að hún lofaði fjöllun-um sínum að enduróma lögin, sem sungin voru. Þannig leið vorvinnan með gleði og ánægju. Enginn kvartaði um þreytu.

Þegar tónvinnunni var lokið og búið að ganga frá eldi-

viðnum var farið að hugsa til grasagöngu, því að þá var snjór horfinn að mestu. Stúlkurnar fóru á kvöldin, tíndu um nætur og komu heim að morgni þegar sól fór að hækka á lofti, því þá vildu grösin verða hörð og molna niður. Þannig leið nokkur tími. Um Jónsmesu hófst grasatekjan fyrir alvöru, þá voru stúlkurnar fluttar á heiðarnar um tíma og legið í tjöldum. Venjulega var heiðartíminn 14 til 20 sólarhringar. Okkur leið vel, við vorum úti um nætur en sváfum um daga. Grösin voru þurrkuð á daginn, ef þurrt var veður og svo hugsað um mat og kaffi. Matinn höfðum við með okkur tilbúinn að mestu. Venjulega var farið til grasanna um klukkan níu á kvöldin og komið á sama tíma að morgninum. Vornóttin var indæl, ef tíðin var góð og ekki varð hjá því komist að taka sér dálitla stund til að ganga upp á fellin og horfa yfir landið. Kannski sá maður sólina vagga sér í hafinu og hefja sig upp á himininn. Fuglarnir sungu og loftið ómaði af kvaki þeirra, en ormana, sem líka vildu láta taka eftir sér, en kunnu ekki „fótum sínum“ forráð höfðu þeir í morgunmatinn. Þessar stundir voru göfgandi og vekjandi og sakna ég þess að unga fólkið nú skuli ekki fá að njóta þeirra. Ekki vildi ég skipta á þeim fyrir eina nótt á Hótel Borg.

Seint í júní fóru fram venjulegar fráfærur, lömbin tekin undan ánum og rekin til fjalls, en ærnar mjólkaðar heima. 100 ær voru í kvíum og kom fyrir að þær voru 150. Fyrst eftir fráfærur mun mjólkin hafa verið einn lítri á dag eftir ána og smjórið allt þá um 8 kíló daglega. En mjólkin fór minnkandi eftir því sem leið á sumarið.

Fyrst eftir fráfærurnar voru ærnar setnar nótt og dag, reknar jafnvel langt upp á heiðar, því þar var gott sauðland. Þegar svo leið á sumarið var ánum sleppt, en smalað kvölds og morgna, því þá voru þær orðnar spakar og rólegar.

Jón Sigurðsson byggði sel vestur á heiðinni, sem nefnt var Gautlandasel. Þar var baðstofa, búr og eldhús. Fyrst

eftir fráfarurnar voru ærnar reknar þangað. Þar mjólkuðu þær betur, því að ekki þurfti að reka þær langt í hagann, mjaltalandið var þar rétt við. Stór mýrarfláki, Gautlanda-mýrin, liggur norður frá selinu, þar var mjög mikið engi og gott heyfall. Vinnufólkið var flutt í selið og þar var unnið við heyskap í 14 daga. Daglega var skyrið og smjörið flutt heim frá selinu. Skyrið var flutt í kössum með hleypiloki yfir og nefndust þeir selskrínur. Venjulega voru ærnar reknar heim eftir 3 vikur, selið yfirgefið og allt flutt heim.

Ærnar voru rúnar fyrir og eftir fráfarur, ullin þvegin og þurrkuð, þar næst aðskilin og valið úr það besta til tóvinnu, hitt flutt í kaupstaðinn og sú ferð nefnd vöruferð. Þegar kringumstæður leyfðu fór frú Sólveig með manni sínum vöruferðina. Það var skemmtiferð. Hestarnir góðgengir og fjörmiklir og í leiðinni vinir og kunningjar, sem tóku fagnandi á mót þeim. Hestarnir teymdir á góðan grasblett, en gestirnir leiddir í stofu og veitt hressing. Venjulega fór ráðsmaðurinn með ullarlestina á eftir og annaðist um hesta og farangur.

Heimilisfólkið beið með óþreyju heimkomu hjónanna, einkum börn og unglingar, því allir áttu von á glaðningu. Sólveg gaf stúlkunum nálar, tvinna og höfuðklúta, því ekki þótti fært að vera með bert höfuðið úti í mývargnum. Eftir þetta var byrjað á heyskapnum. Hann gekk oftast mjög vel og reglulega, enda ráðsmaðurinn ötull og trúr. Jón Sigurðsson sat á þingi annað hvert ár og þess utan var hann önnum kafinn við ýmis störf utan heimilis, en það kom ekki að sök því að ráðsmaðurinn kunni skil á öllu sem við þurfti.

Þegar úti var heyvinnan var eldiviðurinn fluttur á sinn stað. Hafði hver sinn poka og bar allt á bakinu. Taðið var mikið, svo að fleiri daga þurfti til að koma því inn. Þegar bornir höfðu verið nokkrir pokar hvíldu menn sig stutta stund. Þuríður, elsta dóttir hjónanna las kannski skemmti-

lega sögu meðan setið var og þannig var haldið áfram allan daginn. Þessar stundir eru mér ógleymanlegar, þetta var heilbrigður unaður þó að taðpokinn segði dálítið til sín á milli.

Þegar eldviðurinn var kominn inn gaf húsmóðirin stúlkuunum tvo daga frjálsa til að laga fót sín og þeirra sem þær þjónuðu. Þar næst kom sláturtíðin. Þá var mikið að gera. Mörgu var slátrað því mikið þurfti til heimilisins og mikill gestagangur, tíðir næturgestir, enda allir velkomnir og allt endurgjaldslaust. Slátrin voru soðin niður í margar tunnur og það er sá fullkornasti matartilbúningur, sem ég hef þekkt, þrifnaður og hreinlæti framúrskarandi og öllu haldið vel til haga. Mikinn matarforða þurfti til ársins. Alltaf var gott fæði og aldrei varð ég vör við matarskort, hafði hann víst ekki átt sér stað í búskap þessara hjóna.

Eftir haustverkin var byrjað á tóvinnunni, venjulega á svokölluðum smábandstóskap. Það var ærlegur sprengur. Smábandið var þannig unnið: Þegar búið var að raka ullina af gærum fjárinum, sem slátrað hafði verið um haustið, var hún kembd, spunnið úr bandinu og þrjónaðir sokkar. Þeir voru 6 fingurhæðir undir hæl og nefndir alsokkar, aðrir voru 3 fingurhæðir undir hæl og nefndust þeir hálf-sokkar. Allt heimilisfólkið vann að þessu. Þurfti helst að þrjóna vissa sokkatölu fyrir jól til að leggja inn í verslunina fyrir nýár, annars mátti búast við aðfinnslum frá kaupmanninum. Kappið varð því svo mikið að stúlkurnar settu sér fyrir að þrjóna vissa sokkatölu á dag, þær fljótustu tvo alsokka, aðrar hálfan annan, sumar einn. Líka voru til stúlkur, sem luku við að spinna og þrjóna sokkinn á dag.

Fingurnir vildu sárna undan bandinu og varð því að nota skinnnögl, sem svo var kölluð. Hún var saumuð úr eltisauðskinni og smeygt upp á fingurinn líkt og fingurbjörg. Á kvöldin sat hver við sitt verk í baðstofunni. Það

var kembt og spunnið, tvinnað og þrjónað. Einn piltanna var látinn lesa upp fyrir fólkið. Stundum voru kvæðamenn í hópnum og þá voru kveðnar rímur, sem þótti góð skemmtun í þá daga. Oft kom það fyrir að Jón Sigurðsson settist í lestrarsætið og las fólkinu til skemmtunar. Ég man að hann las og þýddi um leið Holbergs Komedier. Hann las úr Árbókum Espólíns, Sturlungu, ásamt ýmsum öðrum fróðlegum og skemmtilegum bókum. Í rökkrinu var oft sungið og farið var í smáleiki. Þá voru nýkomin út kvæðin um Friðþjóf frækna, er urðu mjög vinsæl, lærð og mikið sungin og höfðu góð áhrif á flesta. Á laugardagskvöldum var unga fólkinu leyft að skemmta sér í annarri stofunni, þá var dansað, sungið og farið í leiki. Fyrir kom að unga fólkinu af næstu bæjum var boðið að koma og jók það ekki lítið á gleðina.

Viku fyrir jól var smábandstóvinnunni lokið. Þá var sokkatalan kannski orðin 120 pör af alsokkum og nokkuð af hálsokkum. Alsokkarnir seldust á 60 skildinga, en fyrir hálsokkana fengust 40 skildingar. Allir voru sokkarnir þvegnir og þæfðir, en síðan dregnir upp á fjöl, sem löguð var eftir fæti og þurrkaðir þannig.

Svo komu jólin

Þá er að minnast blessaðra jólanna, sem juku öllum frið og fögnuð. Börnin fengu nýjan fatnað úr vönduðu efni, dúkum eða vaðmáli. Sólveig sneið allt sjálf, því að hún var mjög vel að sér og vandlát. Vandvirkasta stúlkan var látin sauma og litið vel eftir svo að ekkert færi í handaskolum, því húsmóðirin hafði glöggt auga fyrir öllu, sem betur mátti fara. Einn daginn voru steipt jólakerti, annan dag búið til laufabrauð. Þurfti þá að byrja snemma dags

og var allan daginn verið að skera út kökurnar. Var mjög mikið vandað til laufabrauðsins.

Á aðfangadaginn voru allar stofur þvegnað hátt og lágt og því öllu lokið fyrir klukkan sex. Þá höfðu börnin verið böðuð og klædd í sín bestu föt. Kvenfólkið hafði lokið sínum vanalegu störfum með fyrra móti og klæddi sig í jólabúninginn, sem venjulega var dökkt pils og ljós treyja. Karlmennirnir klæddust jakkafötum og var þessu öllu lokið fyrir klukkan 7. Þá var farið að bera inn jólamatinn, sem var margs konar góðgæti. Svo mikið var skammtað á diskana, að oft þurfti ekki að bæta á þá til nýárs, en þá kom nýársmaturninn til viðbótar. Skammturinn var oftast sem hér segir: Handa karlmanni 6 kökur af laufabrauði, flatbrauðskaka, hálfspunds-sneið af ofnbrauði, 8 lóða sneið af smjöri, hálfur magáll af sauð, beinaleggur eða mjaðmarstykki, heill bringukollur og stórt stykki af hangsilungi. Stúlkunum var skammtað lítið eitt minna. Þetta sýnir, að ekki var alltaf sultur í gamla daga.

Jón Sigurðsson og frú Sólveig sátu til borðs með börnum sínum í sínu herbergi. Þar var hvítur dúkur á borði, lausir diskar og silfurborðbúnaður. Á Gautlöndum þurfti oft að halda vönduðum borðbúnaði, því þangað komu margir heldri menn og útlendingar. Þar skorti líka ekkert á.

Að lokinni máltíð gekk Jón Sigurðsson úr herbergi sínu með lestrarbækur í hendinni, því þá var komið að lestíma. Hann settist á stól við húsdyrnar og söngfólkið sat á bekk rétt hjá. Pétur, sonur Jóns stýrði söngnum. Hann hafði ágæta söngrödd og var sönghneigður, spilaði á flautu og átti mikið af nótnabókum. Ég man eftir Bellmann og Berggreen, söngheftum Jónasar Helgasonar og mörgu fleira. Yfir öllu heimilisfólkinu hvíldi helgur friður og ró. Enginn hreyfði sig meðan á lestrinum stóð. Börnin kyrrlát og hljóð og líktust helst fögru málverki.

Þegar lestri var lokið stóð húsbóndinn fyrstur á fætur og

bauð góðar stundir. Þá risu allir á fætur og þökkuðu fyrir lesturinn með handabandi. Svo var útteilt laufabrauði og jólakertum. Klukkan 9 var drukkið kaffi og bornar fram margar brauðsortir. Að kaffidrykkju lokinni dreifðist eldra fólkið og las í bókum, sumir í guðsorðabókum, aðrir í fræðibókum. Ef gott var veður gekk unga fólkið út sér til skemmtunar, einkum ef tunglsljós var. Gengið var um slétturnar austan við bæinn, rætt saman og sungin gömlu, indælu lögin. Og þá var stundin ekki lengi að líða. Aldrei var spilað á spil á jólanótt. Klukkan 12 var gengið til náða.

Á jólamorgun var öllum fært í rúmið. Þegar búið var að ganga frá morgunverkum höfðu allir fataskipti. Stúlkurnar fóru í peysuföt og fléttuðu sitt mikla hár. Karlmennirnir fóru í sín betri föt, hvítar skyrtur og létu á sig flibba. Og börnin í jólafötunum sínum gengu um bæinn glöð og kurteis, öllum til ánægju. Öllum var vel veitt þennan dag og um kvöldið fóru sumir að spila, aðrir að lesa og börnin að leika sér.

Á milli jóla og nýárs mátti fólkið eiga vinnu sína á milli mála og sá tími var oftast vel notaður. Stúlkurnar spunnu, þrjónuðu og saumuðu, en karlmennirnir, sem voru lagtækir, smíðuðu, hinir lásu í bókum. Á nýári fór allt með líkum hætti fram og á jólunum, en ekki var eins mikill helgiblær yfir fólkinu þá eins og um jólin.

„Vefa mjúka, dýra dúka, skjóta skyttunni í skil“

Eftir hátíðir var byrjað á aðal-tóvinnunni, togið tekið ofan af ullinni, hún tínd sundur og flokkuð eftir gæðum. Voðirnar urðu margar og misjafnar eftir ullargæðum og eftir því til hvers þær skyldu notaðar. Rokkarnir voru venjulega fjórir, stúlka látin kemba fyrir tvo eða þrjá og mátti hún hafa sig alla við. Karlmenn kembdu á kvöldin. Fjórar til sex voðir voru unnar á hverjum vetri. Ekki er ég viss um að

muna álnatalið rétt, en mig minnir eftir þessu: 40 álnir fín voð, 7 úr pundi; 80 álnir, 6 úr pundi; 60 álnir, 4 úr pundi; svuntudúkar 20 álnir og svo millipilsa- og fóðurdúkar. Samtals hafa voðirnar verið hátt á þriðja hundrað álnir. Þarna fyrir utan voru sokkar og vettlingar handa 20 manns, allt þrjónað í höndum sínum. Síður var að nota í rekkju-voðir gott vaðmál.

Þegar daginn fór að lengja var vefstóllinn settur niður og einn vinnumannanna óf allar voðirnar. Með birtu settist hann í vefstólinn, sat þar til rökkurs og óf 10—16 álnir á dag. Voðirnar voru jafnharðan teknar úr vefstólnum, hreinsaðar og þæfðar, og litaðar, þær sem lita þurfti. Þegar búið var að ganga frá voðunum eins og þurfa þótti, var farið að sníða og sauma. Flestar stúlkurnar nutu tilsagnar Sólveigar við að sauma föt sín. Saumavél var engin, en mörg voru falleg nálsporin. Vinnufólkið tók vaðmál upp í kaup sitt. Hver vaðmálsalin var seld á eina krónu, og væri hún lituð kostaði hún kr. 1.33. Saumaskapurinn var ekki seldur. Flest hjú áttu kindur, kostaði fóðrið 3 krónur. Þegar búið var að virða fataefnin og kindafóðrin þá var mismunurinn borgaður í peningum. Hærra kaup var borgað á Gautlöndum en víða annars staðar, það veit ég með vissu.

„Gjörð svo vel og lesið“

Á Gautlöndum var hin mesta gestrisni, enda sjaldan gesta-laust. Útlendingar komu oft á sumrin og gistu eina og tvær nætur. Sólveig hafði vissa stúlku sér til aðstoðar við gestina. Í svefnstofunni stóð vandað, uppbúið rúm og ofn var þar inni. Í betri stofunni sátu gestir og borðuðu þar. Í þeirri stofu voru vandaðir húsmunir, sóffi, stólar, póleruð borð og mjög stór spegill. Fín gluggatjöld voru þar, ljósgul með dökkum bekkjum.

Ef Jón Sigurðsson hafði á veturnum stund frá aðkallandi

störfum, tók hann þrjónana sína, gekk um gólf, söng eitthvað fyrir munni sér, vísu eða fallegt kvæði. Hann var söngmaður. Man ég sérlega vel eftir einni vísu, sem hann kvað oft, fyrri partinum hef ég að vísu gleymt, en hún endar svona:

„Ég er ei hræddur hjörs í þrá
hlífum klæddur mínum.“

Ég á eftir að minnast á störf Jóns heima fyrir. Störf hans utan heimilis eru skráð í bækur og get ég þar engu við bætt. Sagan geymir minningu hans.

Jón Sigurðsson var hinn mesti ágætismaður, valmenni. Aldrei var hann iðjulaus eina stund. Hann var framkvæmdamaður, plægði mikinn túnauka, og átti bæði plóg og valtara. Flóðgarða lét hann hlaða og veitti vatni á mýri fyrir neðan túnið. Hann byggði vatnsmyllu. Í henni var malað allt korn og grjón til heimilisins og myllan var látin strokka rjóma á sumrin. Fjárhúsin voru vel byggð og hlöður fyrir allt hey. Ef eitthvað gekk úr sér var það strax lagað, svo að aldrei var neitt í ólagi. Öll var umgengnin hin prýðilegasta. Jón var hinn besti húsbóndi, lét sér annt um hjú sín, hafði ætíð meðöl og hjálpaði ótrúlega ef út af bar með heilsu manna. Sjúklingar voru oft fluttir að Gautlöndum. Húsakynni voru þar meiri og betri en á öðrum bæjum. Var þar öllum hjúkrað af mestu alúð og nærgætni. Jón sagði fyrir um meðferð sjúklinganna, en sá sjálfur um meðölin. Mætti margt segja um lækningar hans.

Smáatvik um nærgætni Jóns við hjú sín vil ég nefna.

Eitt sinn kom fólkið heim af engjum, kalt og hrakið eftir mikla rigningu. Það var siður að stúlkurnar drógu af piltum vosklæðin áður en þær klæddu sig úr. Piltar höfðu setst á rúm sín og réttu fæturna fram á gólfið. Stúlkurnar krupu á kné, leystu fyrst skóþvengina, en í því kemur Jón. Hann stendur um stund og horfir á, en segir síðan fullum rómi:

„Piltar! Látið mig aldrei sjá þetta til ykkar; þennan ósið vil ég ekki. Stúlkur! Þið gerið þetta ekki oftar. Þeir eru færir um að afklæða sig.“

Þetta gladdi okkur stúlkurnar mjög, og ekki langaði mig til að krjúpa á kné fyrir piltunum.

Vel man ég þegar hann stofnaði kaupfélagið. Þá var gestkvæmt á Gautlöndum. Þar komu margir ágætir menn og fundir voru haldnir fyrir luktum dyrum. Ekkert mátti fréttast. Hann var formaður félagsins til dauðadags. ✕

Þau ár sem ég var á Gautlöndum leið ekki sá vetur að ekki kæmi til Jóns ungir menn til að læra dönsku, reikning og íslensku. Þá voru engir héraðsskólar komnir í sveitirnar. Hann hvatti alla til náms og lestrar og gladdist innilega af námfýsi ungs fólks. Hann lagði til ritföng eins og hver vildi nota og bókaskáparnir á Gautlöndum stóðu öllum opnir. Jón keypti allar bækur sem út komu þau ár sem ég var þar. Þegar pósturinn kom með bók, las Jón hana jafnan fyrst. Að loknum lestri lagði hann bókina á borð og sagði: „Gjör-ið svo vel og lesið.“ Þá varð stundum handgangur í öskj-unni. Allir vildu verða fyrstir að lesa bókina. Jón sat iðu-lega sjálfur við lestur og skriftir fram á nætur. ✕

Jón Sigurðsson var hár maður, fullar þrjár álnir á hæð, mjög þrekinn og karlmannlegur, stórhöfðinglegur og með allra fríðustu mönnum. Til eru margar myndir af honum, en allar sýna þær hann síðri en hann var. Áhrifa þessara merkilegu hjóna naut fólkið í ríkum mæli, voru þau í senn menntandi og göfgandi, einkum fyrir ungdóminn og urðu mörgum gott veganesti í lífsbaráttunni. Aldrei töluðu þau styggðaryrði til hjúa sinna og ekki var nágrönnunum hallmælt. Ekki heyrðist ljótt orð, eða neitt, sem væri öðrum til vanvirðu. Þau hlustuðu ekki á mannskemmandi tal og engan dæmdu þau. ✕

Húsfrú Sólveig Jónsdóttir var meðalkona á hæð, fremur grannvaxin en svaraði sér vel. Hreyfingar hennar, snöggar

og ákveðnar báru vott um festu og stöðuglyndi. Hún var fríð kona. Augun björt, hrein og gáfuleg, stundum nokkuð hvöss, en þó hlýleg. Yfir allri hennar framkomu var höfðingsblær. Aldrei var á hana deilt hvorki til orða né verka. Stjórnsemi hennar, þrifnaður og reglusemi var með afburðum.

Þegar ég kom að Gautlöndum voru tveir bræðurnir í Kaupmannahöfn, *Kristján*, sem síðar varð dómstjóri í Reykjavík, og *Sigurður*, síðar faktor á Seyðisfirði. Hin börnin voru: *Pétur* 19 ára, *Jón* 10 ára, *Þuríður* 8, *Rebekka* 6 og *Steingrímur* 4 ára, en tvíburarnir, *Kristjana* og *Þorlákur*, voru 3 ára. Þá var þar einnig sonardóttir þeirra, *Maren*, dóttir *Sigurðar*, 3 ára.

Faðir Jóns var *Sigurður Jónsson* bóndi á Gautlöndum. Hann var hinn besti læknir af ólærðum. Þá var fátt um lækna og leituðu margir til *Sigurðar* nær og fjær. Lækningastarfsemi hans var mjög höfð á orði og lengi lifðu sögur af henni á vörum manna, því sumt var talið undravert. Ég set hér eina af frásögnum þessum.

Kona nokkur þjáðist af krabbameini í brjósti. Hún leit aði til *Sigurðar*. Hann tók af henni brjóstið. Eftir nokkrar vikur fór hún heim til barna sinna hraust og glöð og varð langlíf.

Lengra nær ekki frásögn *Jóhönnu Katrínar*. Hún tekur fram, að lýsingin sé skrifuð árið 1934.

Þessi grein er birt með leyfi EINARS STURLUSONAR söngkennara frá Fljótshólum, en höfundur greinarinnar var amma Einars.

Smávægilegar lagfæringar hef ég gert, en þær raska hvorki efni né framsetningu.

Jóhannes Óli Sæmundsson.